

**ERINDISBRÉFI
FYRIR
FJALLSKILANEFND EYJAFJARÐARSVEITAR**

**I. kafli.
Skipan nefndarinnar og hlutverk.**

1. gr.

Fjallskilanefnd er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin fer í umboði sveitarstjórnar með fjallskilamál, í Eyjafjarðarsveit sbr. 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, sem staðfest var af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 10. febrúar 2011.

2. gr.

Fjallskilanefnd er skipuð þrem fulltrúum og jafn mörgum til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndina saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað. Ef formaður fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega getur sveitarstjórn ákveðið hvort varaformaður tekur við formennsku í nefndinni eða velur annan í það hlutverk.

3. gr.

Helstu verkefni fjallskilanefndar eru eftirfarandi:

- a. Að framfylgja ákvæðum um afrétti og notkun þeirra sbr. III. kafla fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, um afrétti og notkun þeirra. Þar er m.a. fjallað um framkvæmd upprekstrar og viðhald girðinga, sbr. einnig II. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og girðingarlög nr. 135/2001.
- b. Að fylgjast með að reglum um rekstur til afrétta sé framfylgt sbr. IV. kafla fjallskilasamþykktarinnar, samþykktar um búfjárhald í Eyjafjarðarsveit nr. 581/2013 og III. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en hann fjallar um verndun beitilands og ítölu.
- c. Að ákveða og auglýsa gangnadaga og skipuleggja leitir í samráði við gangnaforingja sem nefndin skipar og semur erindisbréf fyrir sbr. V. kafla fjallskilasamþykktarinnar, um fjallskil að hausti.
- d. Að fylgjast með ástandi rétta og viðhaldsþörf þeirra.
- e. Að fylgjast með að upprekstri stórgripa (hrossa og geldneyta) í afrétt sé hagað í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar og ákvæði í 7. gr. samþykktar um búfjárhald og 11. gr. fjallskilasamþykktarinnar, sbr. einnig VIII. kafla hennar.
- f. Að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins sbr. 6. gr. samþykktar um búfjárhald og 15. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
- g. Að leggja fram tillögur að aðgerðum til að bæta meðferð afrétta og til verndar gróðri ef þörf er talin á sbr. 16 – 19. gr. fyrrnefndra laga.

- h. Að fylgja eftir þeim aðgerðum, sem nauðsynlegt er talið að grípa til til verndar gróðri í samræmi við ákvæði og fyrirmæli um málsmeðferð í 20. – 30. gr. laganna.
- i. Að gera ráðstafanir gegn ágangi afréttapenings í heimalönd o.fl.
- j. Að gera tillögu til sveitarstjórnar um gjaldskrá um fjallskil og aðra þjónustu sem veitt er á vegum nefndarinnar.
- k. Að eiga samstarf við fagaðila þegar við á.
- l. Að annast önnur þau verkefni sem snúa að fjallskilum og gróðurvernd og sveitarstjórn ákveður að fela henni.

4. gr.

Fjallskilanefnd heldur gerðabók og skrá yfir afrétti og ógirt heimalönd sem liggja að afréttum innan deildarinnar þar sem lýst er merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur sbr. 4. gr. fjallskilasarþykktarinnar. Hún semur drög að fjárhagsáætlun fyrir þau verkefni sem undir hana heyra og leggur fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Fjallskilanefnd skal setja sér verklagsreglur um framkvæmd og meðferð þeirra mála, sem snúa að eftirlitsskyldu hennar gagnvart landbúnaðinum s.s. um eftirlit með girðingum, lausagöngu búfjár, undanþágu frá fjallskilum o.fl., sem ástæða þykir til að binda í samþykktum. Verklagsreglur og samþykktir nefndarinnar öðlast ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur staðfest þær.

5. gr.

Nefndin skal fyrir lok marsmánaðar ár hvert hafa skilað til sveitarstjórnar ársskýrslu um störf sín á nýliðnu ári. Sveitarstjórn getur sett nefndum sveitarfélagsins samræmdar reglur um efnistöð og niðurröðun efnis í ársskýrslu.

II. kafli

Fundir nefndarinnar og starfshættir.

6. gr.

Fundir í fjallskilanefnd skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar en þó ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Skylt er að boða fund ef meirihluti nefndarmanna æskir þess.

7. gr.

Formaður boðar fund og stýrir honum. Formaður skal ávallt hafa samráð við sveitarstjóra um boðun fundar og kynna honum efni hans. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með minnst tveggja sólahringa fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegri dagskrá og skal dagskránni fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

8. gr.

Fundir fjallskilanefndar skulu tölvuskráðir auk skráningar í sérstaka fundargerðarbók. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum, sem gilda um skráningu fundargerða

sveitarsjórnar sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar, skulu varðveitt á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Afgreiðslu mála, sem leynt eiga að fara skv. lögum eða eðli þeirra, skal skrá í sérstaka trúnaðarmálabók sem skal varðveitt á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

9. gr.

Fulltrúar í fjallskilanevnd skulu í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur. Þar er m.a. kveðið á um þagnarskyldu sem helst áfram þótt nefndarmenn hætti störfum.

10. gr.

Fjallskilanevnd skal leitast við að haga störfum sínum á hverjum tíma í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum og þann fjárhagsramma, sem honum er settur. Þá skal hún leitast við að haga störfum sínum þannig að ákvarðanir hennar nýtist í þágu sem flestra íbúa sveitarfélagsins en nefndarmenn eru þó ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu á fundum nefndarinnar.

III. kafli.

Eftirfylgni.

11. gr.

Til að fylgja eftir staðfestum ályktunum eða samþykktum nefndarinnar skal formaður snúa sér til sveitarstjóra. Sinni sveitarstjóri ekki fyrirmælum nefndarinnar snýr formaður sér til sveitarstjórnar.

IV. kafli.

Réttindi og skyldur nefndarfulltrúa.

12. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir því sem við á ákvæði V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig V. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar, sem staðfest var af innanríkisráðherra 17. september 2013. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði. Samþykktina má finna á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og lög á vef Alþingis.

13. gr.

Fulltrúar í fjallskilanevnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir, sem gilda um þá málaflokka, sem undir nefndina heyra og samþykktir og reglur, sem sveitarstjórn hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög. Í þessu samhengi er m.a. bent á eftirfarandi:

- Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, m.s.br.

- Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð nr. 173/2011.
- Samþykkt um búfjárhald í Eyjafjarðarsveit nr. 581/2013.
- Reglugerð um merkingu búfjár, nr. 916/2012, m.s.br.
- Girðingarlög, nr. 135/2001, m.s.br.
- Reglugerð um girðingar, nr. 748/2002.

Þá er nefndum sveitarfélagsins skylt og rétt að eiga með sér samstarf um verkefni, sem kunna að skarast með einhverjum hætti eða málefni gefur að öðru leyti tilefni til.

V. kafli.
Gildistaka.

14. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar frá 17. september 2013, var afgreitt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 8. nóvember til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi fallið erindisbréf fyrir fjallskilanevnd Eyjafjarðarsveitar frá 16. maí 2014.

Eyjafjarðarsveit 8. nóvember 2018.

Sveitarstjórinn í Eyjafjarðarsveit